

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 2. gr. og 42. tl. 3. gr. nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. svo og ákvæði laga nr. 59 28 maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit ásamt síðari breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 27. febrúar 1981.

Ragnar Arnalds.

Björn Hafsteinsson.

Nr. 125.

16. febrúar.

REGLUGERÐ

varðandi mælitæki og vogaráhöld með rafeindabúnaði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til hvers konar mælitækja og vogaráhald, sem búin eru rafeindabúnaði, til að ákvarða eðlisfræðilegar stærðir massa, lengd og rúmmál og notuð eru við starfsemi, sem nota skal löggilt mælitæki og vogaráhöld samkvæmt lögum um mælitæki og vogaráhöld nr. 13 4. júní 1924 og tilskipun um mælitæki og vogaráhöld nr. 1 13. mars 1925.

2. gr.

Umsóknir um löggildingu skulu sendast Löggildingarstofunni og með þeim skulu fylgja nauðsynlegar tæknilýsingar á tækjunum. Löggildingarstofan getur krafist þess að lýsingarnar séu lagðar fram á íslensku.

Í umsókn skal gerð grein fyrir eftirfarandi:

- 2.1. Lýsing á tegund tækisins.
- 2.2. Lýsing á framleiðslu og gerð, eða tegund tækis og véla- og rafeindaaðalhlutum tækis.
- 2.3. Lýsing á notkunarsvæði og upplýsingar um mælitækisvið.
- 2.4. Ef óskað er fyrir löggildingu á mismunandi gerðum tækis, skal hverri gerð fylgja stuttorð lýsing á uppbyggingu tækisins, notkun, meðferð og búnaði, eða tengimöguleikum fyrir hann. Lýsing, ásamt kerfismynd og/eða teikningu skal samin þannig að hún geti myndað grundvöll að formi fyrir löggildingu tegundarinnar.
- 2.5. Tillögur um áletranir, skilti og innsigli.
Með umsókninni skulu fylgja eftirfarandi gögn:
- 2.6. Yfirlitsmynd yfir allt mælikerfið, þar sem gefin eru upp, afmörkun á grunn-tæki.
- 2.7. Smíðalýsing og teikning fyrir vélahluta.
- 2.8. Lýsing og yfirlit fyrir rafeindahluta í formi kerfis og/eða yfirlitsmynda fyrir tækið eða útlit þess og mælitækniupplýsinga, svo og lýsing á öryggis- og eftirlitsbúnaði. Heimilt er þó að óska eftir nánari upplýsingum um uppbyggingu rafeindabúnaðar. Erlendar samþykktir á tegundinni ef slíkar eru fyrir hendi, skulu fylgja umsókn.

3. gr.

Löggildingin gildir í 3 ár, nema annars sé sérstaklega getið, en heimilt er Löggildingarstofunni að framkvæma eftirlit og prófanir, hvenær sem henni þykir ástæða til.

Löggildingarstofan getur í sérstökum tilvikum veitt tímabundið leyfi til notkunar tækis, áður en fyrir liggur samþykkt á tegundinni.

4. gr.

Hafi mælitæki eða vogaráhöld með rafeindabúnaði möguleika til fjölþættari upplýsingagjafar en um frumeiningu þá, sem mæla skal eða vega, skal einungis sá hluti tækisins löggiltur sem slíka frummælieiningu sýnir.

Nefnist sá hluti tækisins **grunntæki** og skal hann afmarkaður einu eða fleiri **grunnmörkun**, sem ein segja til um takmarkanir á löglegan hátt.

Gefi grunntæki tvenns konar upplýsingar eru viðbótarupplýsingar nefndar **hliðarmörk**.

Gefi grunntækið frá sér prentaðar upplýsingar um mælinguna má fjarlægð milli prentunarstaðar og mælingastaðar, ekki vera meiri en tveir metrar og verða mælingarupplýsingarnar á mælingarstað svo og prentunin að sjást samtímis.

Séu tilheyrandi mælitæki eða vogaráhaldi hlutar sem gefa fleiri upplýsingar en mælieininguna, eru þeir ekki löggildingarskyldir. Nefnast slíkir hlutar **viðbótar-tæki** og afmörkun þeirra **viðbótar-mörk**.

Viðbótartækin skulu vera galvanískt skilin frá grunntæki og galvanískar afmarkanir eiga að vera í grunntækinu.

Þessa er þó ekki krafist fyrir verðreikningsútbúnað, sem byggður er inni í grunnreikningseiningu.

Merkjaflutningur frá viðbótar-tæki til grunntækis má ekki geta hafa haft áhrif á frumupplýsingar.

5. gr.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem reglugerð þessi visar til, skulu á áberandi stað auðkennd með eftirfarandi:

Mesta og minnsta mælieining.

Tegundarheiti (Type) og framleiðslunúmer (serial no).

Mesta og minnsta hitaþol í \div , og $+ C^{\circ}$.

Spenna í V, HZ. W.

6. gr.

Mælitæki og vogaráhöld, sem löggilda á má ekki löggilda ef skekkjan á þeim er yfir 1/1000 úr þyngd þess sem vegið er, eða mælt. Skekkjan má vera hvort sem er jákvæð eða neikvæð.

Löggilt mælitæki og vogaráhöld má ekki nota, þegar skekkjan á þeim er orðin meiri en tvöföld hin mesta leyfilega skekkja við löggildinguna.

7. gr.

Ef óskað er eftir löggildingunni á vogaráhaldi, sem nota á við vigtun á lbs. og oz, skal einnig hafa aflestur í kg og gr. (SI kerfið systeme International d'Unites).

8. gr.

Komist eftirlitsmaður að því við skoðun að mælitæki eða vog sé ekki í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar, skal honum heimilt að innsigla tækið þar til viðgerð hefur farið fram.

9. gr.

Við sérhvert vogaráhald, sem flytja má til og ekki stendur á sama hvernið sett er niður, skal nota hallamæli eða annan tryggan búnað til að sýna, hvort vogaráhaldið er rétt sett niður. Vogaráhöld, sem eru föst og óflytjanleg verða ekki löggilt, fyrr en þau eru sett niður og fest, þar sem þau eiga að vera.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 13 1924, enda varði þau ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 13 1924, um mælitæki og vogaráhöld, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 583 14. nóvember 1980.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 16. febrúar 1981.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 291/1979.

1. gr.

Eftirfarandi efni skal bætt á lista í 7. gr. staflið e: „Bromum og ólífrænum söltum þess.“

2. gr.

Við 11. gr. bætist nýr stafliður e, er hljóði svo:

„Ákvæði c- og d- stafliða hér á undan taka þó ekki til taflna, sem innihalda medroxíprógesterón og ællaðar eru handa hundum og köttum.“

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 49/1978, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. febrúar 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir tekjutryggingar og heimilisuppbótar skulu hækka um 14.6% frá 1. mars 1981 frá því sem þær voru í febrúar 1981.

Aðrar upphæðir bóta og greiðslu samkvæmt 74. gr. skulu frá sama tíma hækka um 6%.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar. Úr gildi fellur reglugerð með sama heiti nr. 575 frá 14. nóvember 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. febrúar 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.